

Nd.

## 55. Frumvarp til laga

[55. mál]

um afnám innflutningsgjalds á heimilivélum.

Flm.: Þórarinn Þórarinsson, Halldór E. Sigurðsson.

### 1. gr.

Rafmagnsvélar og rafmagnstæki, sem eru notuð á heimilum, svo sem eldavélar, hitunar- og suðutæki, strauvélar, hrærivélar, kæliskápar, bónvélar, ryksugur og loftræsar, skulu undanþegin innflutningsgjaldi, sem er ákveðið í 10. gr. laga nr. 4 1960, um efnahagsmál.

### 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

### Greinargerð.

Á undanförnum árum hafa flestar stéttir tryggt sér styttingu og hagfelldari vinnutíma. Ein stærsta stétt þjóðfélagsins, húsmæðurnar, hefur hins vegar ekki fylgt með í þessari þróun. Þvert á móti má segja, að vinnutími margra þeirra hafi lengzt. Nú er t. d. miklu örðugra fyrir heimilin að fá vinnuhjálp en áður. Jafnhliða þessu hafa svo störf húsmæðra orðið á ýmsan hátt fjölþættari en áður var. Afleiðing þessa alls er sú, að ekki hafa nú aðrir þegnar þjóðfélagsins erfiðari og lengri vinnutíma en húsmæðurnar, þótt þeim sé ætlað að annast þær stofnanir, sem þjóðfélaginu er mikilvægast að reynist vel og raunverulega eru þýðingarmesta undirstaða allra annarra stofnana þess, en hér er að sjálfsögðu átt við heimilin.

Þess er rétt að geta, að á síðustu árum hafa komið til sögu ýmsar heimilivélar, sem bæði draga úr vinnu og erfiði. Löggjafinn hefur hins vegar litið svo furðulega á, að þessar vélar ætti að tolleggja sem lúxusvörur. Þess vegna eru nú mörg heimili alls ekki búin eða verr búin þessum vélum en vera skyldi, og það oft þau, sem hafa einna mesta þörf fyrir þær.

Á heimilivélar þær, sem þetta frv. fjallar um, leggjast nú allir venjulegir tollar og skattar, eins og vörumagnstollur, verðtollur, innflutningssöluskattur og smásöluskattur. Auk þess leggst á þær 40% innflutningsgjald samkv. „viðreisnarlögunum“ frá 1960. Þetta innflutningsgjald er aðallega lagt á lúxusvörur eða þær, sem eru taldar minna nauðsynlegar en hinar, sem eru undanþegnar gjaldinu.

Í frv. þessu er ekki gengið lengra en að leggja til, að innflutningsgjaldið frá 1960, er leggst á umræddar vélar, falli niður. Til dæmis um þá verðlækkun, sem það mundi hafa í för með sér, má geta þess, að þvottavél, sem nú kostar 19200 kr. í heildsölu, mundi kosta 14200 kr. í heildsölu, ef gjaldið félli niður. Kæliskápur, sem nú kostar 18200 kr. í heildsölu, mundi kosta 13500 kr. í heildsölu, ef gjaldið félli niður.

Þrátt fyrir þessa verðlækkun mundi verð þessara véla verða talsvert hærra en það var haustið 1958. Þvottavél, sem kostar nú 19200 kr. í heildsölu, kostaði þá 13100 kr. Kæliskápur, sem kostar nú 18200 kr. í heildsölu, kostaði þá í heildsölu 12000 kr.

Því ber að treysta, að Alþingi telji störf húsmæðra svo þýðingarmikil, að hætt verði að tolleggja sem lúxusvörur vélar og tæki, er létta þeim erfiðustu störfum og stytta hinn langa vinnutíma þeirra.